

# Fundargerð

## 1. Almennar upplýsingar

---

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Blástur og tengingar á ljósleiðarakerfi Leiðarljóss í Kjós
- 1.2. **Dagsetning:** 25.2.2019 **Fundartími:** 9:00 – 10:00
- 1.3. **Staður:** Ásgarður í Kjós
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Guðmundur Daníelsson (GD), Kjartan Ólafsson (KÓ), Eiríkur Sæmundsson (ES), Sigríður Klara Árnadóttir (SKÁ), Karl M. Kristjánsson (KK), Hákon Gunnarsson (HG)

## 2. Dagskrá

---

- 2.1. Útistandandi mál frá síðasta verkfundi.
- 2.2. Framgangur við þann áfanga sem unnið er við.
- 2.3. Næstu skref og áfangar.
- 2.4. Önnur mál er varðar efni fundarins.

## 3. Umræður

---

- 3.1. ES lagði fram verkáætlun skv. grein 0.1.6 útboðsgagna, með þeim fyrirvara að bilanir á rörum tefðu ekki verkið umfram það sem eðlilegt getur talist. Verkkaupi samþykkir verkáætlun. GD lagði fram þá ósk að fjarskiptaskápar yrðu settir upp í tengimiðjunni hið fyrsta svo að fjarskiptafélög hefðu svigrúm til þess að koma fyrir sínum búnaði. ES tekur til athugunar.
- 3.2. Framgangur verksins er skv. verkáætlun. Áfangar 1 og 2 eru langt komnir í blæstri strengja. ES kynnti Hákon Gunnarsson til sögunnar. Hann verður verkstjóri verksala á staðnum og stýrir aðgerðum.
- 3.3. ES óskaði eftir gögnum vegna blásturs strengja fyrir áfanga 4. Fjölgað verði í teymi verksala á næstunni og kostur ef sem mest af teikningum liggur fyrir svo að hægt sé að færa teymi á milli áfanga. GD útbýr teikningar af áfanga 4.
- 3.4. Umræður urðu um hugsanlegar umsóknir notenda á verktíma. Tekið er við umsóknum og skulu þær berast á skrifstofu í Ásgarði. KÓ upplýsir HG um nýjar umsóknir jafnóðum og þær berast. HG metur hverju sinni, miðað við stöðu verksins hvort brugðist verður við þeim nú eða síðar. SKÁ upplýsir GD um nýjar umsóknir svo að þær berist inn á teikningar og önnur kerfisgögn.
- 3.5. SKÁ spurðist fyrir um hvort að hugsanleg verkföll hefðu áhrif á framgang verksins. ES taldi svo ekki vera, þó ekki útilokað. Stéttarfélag starfsmanna Rafal hafa ekki boðað verkfallsaðgerðir hingað til.
- 3.6. Ákveðið að ES/HG sendi upplýsingar með tp. um framgang verksins mánudaginn 4. mars og næsti verkfundur verður þriðjudaginn 12. mars klukkan 9:00.

## 4. Niðurstaða / Næstu skref

---

- 4.1. GD senda ES teikningar vegna blásturs af áfanga 4, og í framhaldi 3 og 5.
- 4.2. ES/HG sendir upplýsingar um framgang verksins samanborið við verkáætlun mánudaginn 4. mars.